

**Fundargerð 5. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
5. september 2018 , kl. 19:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson forseti, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir aðalmaður, Haraldur Helgason aðalmaður, Laufey Erlendsdóttir aðalmaður, Fríða Stefánsdóttir aðalmaður, Magnús Sigfús Magnússon annar varaforseti, Pálmi Steinar Guðmundsson aðalmaður, Daði Bergþórsson aðalmaður, Magnús Stefánsson bæjarstjóri, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio varamaður og Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari.

Fundargerð ritaði: Guðjón Þ. Kristjánsson, .

1. Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs - 1806803

Í upphafi fundar bauð forseti nýráðinn bæjarstjóra velkominn til starfa og óskaði honum velfarnaðar í störfum og tók bæjarstjórn undir það.

Fyrir liggja tillögur um samræmingu á þjónustugjaldskrá, sem gildi frá 1. október 2018 til 31. desember 2018.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir að þau gjöld sem verður ekki breytt innan ársins verði mismunandi innan hins nýja sveitarfélags til áramóta en það eru gjöld um fasteignaskatta, holræsagjald og lóðarleigu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögur um samræmingu þjónustugjaldskrár, eins og þær liggja fyrir. Í tillögunum er gengið út frá því að ef misræmi er í gjaldskráum Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, fyrir utan þá þætti er taldir eru upp hér að ofan, þá er miðað við þá gjaldskrá sem lægri er. Sama á við ef misræmi er milli afslátta, þá er miðað við afslætti sem eru hærri. Gjaldskráin gildir frá 1. október 2018 til 31. desember 2018 og kemur til endurskoðunar við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

2. Gatnagerðargjöld: samþykkt um gatnagerðargjöld - 1808096

Fyrir liggur tillaga að samþykkt um gatnagerðargjöld.

Til máls tóku: EJP, MSM, PSG.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tekur til 2. umræðu samþykkt um gatnagerðargjöld en fyrri umræða fór fram á bæjarstjórnarfundum hinn 1. ágúst 2018 undir liðnum Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs. Bæjarstjórn samþykkir samþykkt um gatnagerðargjöld og felur bæjarstjóra að láta birta hana í Stjórnartíðindum.

3. Vatnsveita: Gjaldskrá vatnsveitu - 1808018

Fyrir liggur tillaga að samþykkt um Vatnsveitu.

Til máls tóku: EJP, MSM, PSG, HS.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tekur til 2. umræðu samþykkt um vatnsveitu en fyrri umræða fór fram á bæjarstjórnarfundum hinn 1. ágúst 2018 undir liðnum Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs. Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá vatnsveitu eins og hún liggur fyrir og felur bæjarstjóra að láta birta hana í Stjórnartíðindum.

4. Fráveita: Samþykkt um fráveitu - 1808017

Lagt er til að bæjarstjórn staðfesti að sveitarfélagið setji sér ekki sérstaka samþykkt um fráveitu heldur starfa í samræmi við lög um fráveitur og að fráveitugjald verði ákveðið við afgreiðslu fjarhagsáætlunar hverju sinni.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir að ekki verði sett sérstök samþykkt um fráveitu, heldur tekið mið af lögum um fráveitur og að fráveitugjald verði ákveðið í fjárhagsáætlun. Fjárhæð fráveitugjalda eru því ákveðin í gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

5. Sunnubraut 3: Umsókn um byggingarleyfi: Bráðabirgðastækkun leikskólans Gefnarborgar - 1807039

Á 2. fundi Framkvæmda-og skipulagsráðs var samþykkt að fresta áformum um bílastæði fyrir starfsfólk við suðausturenda lóðar með tilliti til athugasemda sem bárust, en samþykkja fyrirhuguð byggingaráform að öðru leyti.

Til máls tóku: EJP, PSG, DB, HS, FS, HH, LE.

Afgreiðsla:

Samþykkt með átta atkvæðum D-, H- og J- lista að staðfesta afgreiðslu málsins frá 2. fundi Framkvæmda-og skipulagsráðs þann 21.08. 2018. Fulltrúi B- lista lista situr hjá.

6. Heiti sameinaðs sveitarfélags. - 1807102

Bæjarráð leggur eftirfarandi til við bæjarstjórn: Fram fari íbúakosning um val á nafni, ákveðinn verði kjördagur til að framkvæma kosninguna. Kosið verði með hefðbundnum hætti, með kjörseðli á kjörstað. Bæjarráð fái umboð til að halda utan um ferli málsins og framkvæmd, ásamt Kjörstjórn þar sem það á við. Bæjarstjórn feli bæjarráði að halda utan um val á tillögum um nöfn, sem verði kosið um og skili fullmótuðum tillögum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Til máls tóku: EJP, PSG, FS, HH, HS, DB, LE, MSM, MS.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu bæjarráðs um framhald málsins og felur bæjarráði að vinna áfram að málinu í samræmi við tillöguna.

7. Dagdvöl aldraðra - 1807095

Á 6. fundi bæjarráðs þann 29.08.2018 var samþykkt að gengið verði til samninga við Reykjanesbæ um þjónustu vegna dagdvalar aldraðra, jafnframt er bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að móta vinnuhóp, samkvæmt tillögum í minnisblaði sviðsstjóra um málið.

Til máls tóku: EJP, FS, HS, MS, MSM.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn staðfestir samhljóða samþykkt bæjarráðs.

8. Börn: lengd viðvera fyrir börn í 5.-10. bekk - 1808035

Á 6. fundi bæjarráðs þann 29.08.2018 var samþykkt að hefja vinnu við að undirbúa frístundapjónustu fyrir börn og ungmenni með fötlun, samkvæmt minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn staðfestir samhljóða samþykkt bæjarráðs.

9. Fjölskyldu- og velferðaráð Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Sv. Voga: nefndarmenn - 1806965

Á 6. fundi bæjarráðs þann 29.08.2018 var samþykkt að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs að útvega fulltrúum í Fjölskyldu-og velferðarráði spjaldtölvur til afnota. Áhersla lögð á öryggi gagna.

Til máls tók: EJP, HS.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn staðfestir samhljóða samþykkt bæjarráðs.

10. Hafnarstjóri: ráðning í starf - 1808008

Á 2. fundi Hafnarráðs þann 15.08.2018 var samþykkt starfslýsing fyrir hafnarstjóra.

Til máls tóku: EJP, DB, HH.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn staðfestir samhljóða samþykkt Hafnarráðs.

11. Persónuverndarfulltrúi: Tilnefning - 1806754

Á 4. fundi bæjarráðs þann 15.08.2018 var samþykkt að ganga til samninga við Reykjanesbæ um þjónustu persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið. Fyrir liggur undirritaður samningur um þjónustuna.

Til máls tók: EJP, DB, MS.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu bæjarráðs og staðfestir samninginn. með átta atkvæðum D- H- og J- lista. Fulltrúi B- lista situr hjá.

12. Tölvumál: Samningur - 1807070

Á 5. fundi bæjarráðs þann 22.08.2018 var samþykktur samningur við Premis um tölvuþjónustu, bæjarráð vísaði samningnum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu bæjarráðs og staðfestir samninginn.

13. Hugbúnaður: Launakerfi - 1807060

Á 6. fundi bæjarráðs þann 29.08.2018 var samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga frá

samningi um H3 launakerfi og leggja samninginn fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

Til máls tóku:

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu bæjarráðs og staðfestir samninginn.

14. Afsögn nefndarmanns - 1808006

Jónína Holm hefur sagt af sér sem varafulltrúi í Framkvæmda- og skipulagsráði.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu fulltrúa J-lista um að Hannes Jón Jónsson taki sæti sem varamaður í Framkvæmda- og skipulagsráði í stað Jónínu Holm með sex atkvæðum D- og J- lista. FH- og B- ista sitja hjá.

15. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja:fulltrúar í heilbrigðisnefnd - 18061420

Vegna sameiningar sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar verða breytingar á samsetningu fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Stjórn SSS tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið, að Reykjanesbær fái tvo fulltrúa í Heilbrigðisnefnd og að nefndin kjósi sér formann á fyrsta fundi nefndarinnar.

Til máls tóku: EJP, HS.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tekur undir afstöðu stjórnar SSS um tilnefningu fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og áréttar að nefndin kjósi sér formann á fyrsta fundi.

16. Sóknaráætlun Suðurnesja 2015 - 2019 - 1806382

Með bréfi frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja dags. 08.08.2018 er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni fjóra aðila í úthlutarnefnd sjóðsins.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Samþykkt var að tilnefna Fríðu Stefánsdóttur, Hlyn Þór Valsson, Svavar Grétarsson og Andreu Færset í úthlutunarnefnd

17. Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 02 - 1808009

Á 4. fundi bæjarráðs þann 15.08.2018 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun í málaflokki 02.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Viðauki samþykktur samhljóða.

18. Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 04 - 1808027

Á 4. fundi bæjarráðs þann 15.08.2018 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun í málaflokki 04.

Til máls tóku: DB, EJP.

Afgreiðsla:

Viðauki samþykktur samhljóða.

19. Hjólakraftur- tillaga að viðauka. - 1807026

Á 4. fundi bæjarráðs þann 15.08.2018 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun vegna Hjólakrafts.

Til máls tók: EJP.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða.

20. Taramar:hluthafafundur 2018 - 1807092

Á 6. fundi bæjarráðs þann 29.08.2018 var fjallað um boð á hluthafafund Taramar. Bæjarráð samþykkti að veita bæjarstjóra umboð til að sitja hluthafafundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt að sveitarfélagið neyti ekki kaupréttar á auknu hlutafé í félaginu.

Til máls tóku:

Afgreiðsla:

Tillaga bæjarráðs samþykkt samhljóða.

21. Fundarboð: aðalfundur sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum - 1809006

Boðað er til aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum dagana 7. og 8. september 2018. Fundarstaður Grunnskóli Grindavíkur.

Til máls tóku:

Afgreiðsla:

Lagt fram.

22. Fundarboð: aðalfundur Reykjanes jarðvangur ses - 1809007

Boðað er til aðalfundar Reykjanes Jarðvangs ses. þann 17. september 2018.

Til máls tóku:

Afgreiðsla:

Lagt fram. Samþykkt samhljóða að bæjarstjóri fari með atkvæðisrétt fyrir hönd sveitarfélagsins á aðalfundinum.

23. Bæjarráð - 4 - 1808003F

Fundur dags. 15.08.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

23.1 1806474 - Bjarg: Húsnæði: stofnframlag

Bæjarráð felur sviðsstjóra að stofna lóðina Fjöruklopp 26-32.

Bæjarráð þakkar Jóni fyrir kynninguna.

23.2 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags

Bæjarráð ræddi aðferðir við val á nafni á sameinað sveitarfélag.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna minnisblað með nánari útfærslu á því hvernig atkvæðagreiðsla um nafn geti farið fram í haust.

23.3 1807088 - Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags: Tillaga að uppbyggingu og starfslýsingar

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá starfslýsingum við sviðsstjóra og auglýsa laust til umsóknar starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sem jafnframt verði verkefnastjóri sameiningar sveitarfélagsins.

Starfslýsingarnar skulu endurskoðaðar í tengslum við starfspróunarsamtal að ári liðnu.

- 23.4 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf
Tillaga að erindisbréfum ráða lögð fram.

Bæjarráð vísar erindisbréfunum umsagnar ráða áður en þau hljóta staðfestingu bæjarstjórnar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við Sveitarfélagið Voga um erindisbréf fjölskyldu-og velferðarráðs.

- 23.5 1806754 - Persónuverndarfulltrúi: Tilnefning
Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við Reykjanesbæ til eins árs.

- 23.6 1806408 - Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um fræðsluþjónustu út júní 2019.

- 23.7 1808005 - Skólamatur: samningur um skólamötuneyti
Bæjarráð hyggst samræma gjaldskrár vegna skólamats í Gerðaskóla og Sandgerðisskóla og verður hún til afgreiðslu á fundi bæjarráðs 29. ágúst.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

- 23.8 1806405 - Leikskólinn Sólborg: tillögur vegna endurmats samnings við Hjalla og viðauki við samning
Málið rætt og bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

- 23.9 1808009 - Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 02
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld að fjárhæð 11,5 milljónir og hækkan framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um sömu fjárhæð.

- 23.10 1808027 - Fjárhagsáætlun 2018: viðauki við málaflokk 04
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld að fjárhæð 3,1 milljón sem komi til lækkunar á handbæru fé.

Tillögu sem varðar árið 2019 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

- 23.11 1807026 - Hjólakraftur- tillaga að viðauka.
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2018 um aukin útgjöld í málaflokk 06 að fjárhæð 1 milljón kr. sem komi til lækkunar á handbæru fé.

Bæjarráð óskar eftir nánari upplýsingum um verkefnið, svo sem fjölda þátttakenda, greiningu á kostnaði og árangri.

24. Bæjarráð - 5 - 1808012F

Fundur dags. 22.08.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 24.1 1807094 - Leikskóli: Stofnun ungbarnaleikskóla
Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.
- 24.2 1808022 - Bílastæðasjóður: Samningur við ISAVIA
Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.
- 24.3 1807070 - Tölvumál: Samningur
Bæjarráð samþykkir samninginn og vísar honum til bæjarstjórnar til staðfestingar.
- 24.4 1808013 - Sameining: skuldajöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs
Bréfið lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð drög að greiðsluáætlun og yfirlit yfir lánasamninga.
- 24.5 1807074 - Fjölmiðlavakt: Samningur við Creditinfo um fjölmiðlavakt.
Samþykkt að ganga frá samningi um þjónustuna til eins árs, fyrir þá bæjarfulltrúa sem þess óska.
- 24.6 1808007 - Íbúasýn: Uppfærslusamningur
Lagt fram til kynningar.
- 24.7 1808042 - Styrkbeiðni: Ráðstefna Bláa hersins í september 2018
Bæjarráð samþykkir að Blái herinn fái gjaldfrjáls afnot af samkomuhúsinu, sbr. erindið.
- 24.8 1807099 - Rafrænir reikningar: Móttaka og sending rafrænna reikninga
Lagt fram til kynningar.
- 24.9 1807100 - Kortasjá og kortagrunnur: Samningur við Loftmyndir
Lagt fram til kynningar.
- 24.10 1807101 - Bókasafn: samningur um bókasafnkerfi
Lagt fram til kynningar.

25. Bæjarráð - 6 - 1808017F

Fundur dags. 29.08.2018.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 25.1 1807060 - Hugbúnaður: Launakerfi
Samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga frá samningi um H3 launakerfi og leggja samninginn fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.
- 25.2 1807092 - Tamarar: hluthafafundur 2018
Samþykkt að veita bæjarstjóra umboð til að sitja hluthafafundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt að sveitarfélagið neyti ekki kaupréttar á auknu

hlutafé í félaginu.

- 25.3 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags
Bæjarráð leggur eftirfarndi til við bæjarstjórn:
Fram fari íbúakosning um val á nafni, ákveðinn verði kjördagur til að framkvæma kosninguna. Kosið verði með hefðbundnum hætti, með kjörseðli á kjörstað. Bæjarráð fái umboð til að halda utan um ferli málsins og framkvæmd, ásamt Kjörstjórn þar sem það á við. Bæjarstjórn feli bæjarráði að halda utan um val á tillögum um nöfn, sem verði kosið um og skili fullmótuðum tillögum til bæjarstjórnar til staðfestingar.
- 25.4 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs
Bæjarstjóra falið að útfæra tillögur til bæjarstjórnar, í samræmi við niðurstöðu bæjarráðs á fundinum.
- 25.5 1807095 - Dagdvöl aldraðra
Samþykkt að gengið verði til samninga við Reykjanesbæ um þjónustu vegna dagdvalar, jafnframt er bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að móta vinnuhóp, samkvæmt tillögu í minnisblaðinu.
- 25.6 1808067 - Fjölnotabíll: tillaga að kaupum
Samþykkt að visa málinu til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2019.
- 25.7 1808035 - Lengd viðvera fyrir börn í 5.-10. bekk
Samþykkt að hefja vinnu við undirbúning frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og undmenni, samkvæmt minnisblaðinu.
- 25.8 1806965 - Fjölskyldu- og velferðaráð Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Sv. Voga: nefndarmenn
Samþykkt að fela sviðsstjóra að útvega fulltrúum í Fjölskyldu- og velferðarráði spjaldtölvur til afnota. Áhersla lögð á öryggi gagna.
- 25.9 1808064 - Fjölskyldusvið: skipulag frístundaeildar: tillögur
Afgreiðslu málsins frestað.
- 25.10 1808043 - Framkvæmdaráætlun verklegra framkvæmda 2018
Samþykkt að fela umhverfis- og skipulagssviði að vinna að því að framkvæmdir við fráveitu hefjist sem fyrst.
- 25.11 1806867 - Bæjarstjórn og bæjarráð: fundaráætlun 2018-2019
Samþykkt að fundir bæjarráðs samkvæmt fundaráætlun verði kl. 15:00.
- 25.12 1808071 - Fasteignafélag Sandgerðis: fundarboð: aðalfundur 2018
Samþykkt að Ólafur Þór Ólafsson fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi Fasteignafélags Sandgerðis.

26. Hafnarráð - 1 - 1808002F

Fundur dags. 09.08.2018.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 26.1 1808016 - Hafnarmál: samningur við FMS um vigtun afla
Sigrún fór yfir samninginn og svaraði spurningum fundarfólks.
- 26.2 1808008 - Hafnarstjóri: ráðning í starf
Hafnarráð gerir breytingatillögur við drög að starfslýsingu hafnarstjóra og felur bæjarstjóra að uppfæra drögin til samræmis.
- 26.3 1808014 - Sandgerðishöfn: endurskoðun hafnarreglugerðar
Hafnarráð samþykkir að hefja endurskoðun hafnarreglugerðarinnar.
- 26.4 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs
Bæjarstjóri upplýsti að bæjarstjórn hefur staðfest gjaldskrá Sandgerðishafnar og skal hún gilda út árið 2018.
- 26.5 1808015 - Hafnarmál: framkvæmdir við Suðurbryggju
Umræða um framkvæmdir og málefni hafnarinnar almennt.
Hafnarráð þakkar Grétari kynninguna.

27. Hafnarráð - 2 - 1808009F

Fundur dags. 15.08.2018.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 27.1 1808008 - Hafnarstjóri: ráðning í starf

Afgreiðsla:

Hafnarráð samþykkir að starf Hafnarstjóra Sandgerðishafnar verði auglýst laust til umsóknar.

Hafnarráð leggur til við bæjarstjórn að fram lögð starfslýsing verði samþykkt með breytingum.

28. Framkvæmda- og skipulagsráð - 2 - 1808008F

Fundur dags. 21.08.2018.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Fyrsta mál fundargerðarinnar, Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024: Tillaga að breytingu 2018 - 1806469

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að kynna tillöguna fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við tillögu ráðsins.

Annað mál fundargerðarinnar, Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar: Tillaga að deiliskipulagi - 1806454.

Samþykkt samhljóða að kynna tillöguna fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingunni, samanber fyrsta mál á fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs.

Níunda mál fundargerðarinnar, Fálkavöllur 8: Umsókn um byggingarleyfi - 1808041
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða fyrirhuguð byggingaráform og felur byggingarfulltrúa afgreiðslu byggingarleyfisins.

*Tíunda mál fundargerðarinnar, Sjónarhóll 8: umsókn um byggingarleyfi - 1807040
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða fyrirhuguð byggingaráform og felur
byggingarfulltrúa afgreiðslu byggingarleyfisins.*

*Tólfta mál fundargerðarinnar, Lækjarmót 81-83: umsókn um lóð - 1807078
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Þrettánda mál fundargerðarinnar, Lækjarmót 73-75: umsókn um lóð - 1807077
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Fjórta mál fundargerðarinnar, Þrastarland 1-16: umsókn um lóðir - 1807106
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Fimmtánda mál fundargerðarinnar, Brimklöpp 10: umsókn um lóð - 1807109
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Sextánda mál fundargerðarinnar, Brimklöpp 11: umsókn um lóð - 1808001
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Sautjándi mál fundargerðarinnar, Fjöruklöpp 17-19: umsókn um lóð - 1808026
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Áttjándi mál fundargerðarinnar, Þinghóll 2: umsókn um lóð - 1808004
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða úthlutun lóðar.*

*Níttjándi mál fundargerðarinnar, Bjarmaland 15 bílastæði: breyting á staðsetningu -
1808045
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að leyfa tvö viðbótarstæði á lóð.*

*Tuttugasta mál fundargerðarinnar, Stækkun Keflavíkurflugvallar: kynning á drögum
að matsáætlun - 1807105
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við drög að tillögu um
matsáætlun.*

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram

- 28.1 1806469 - Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024:Tillaga að breytingu 2018
Sjö umsagnir og athugasemdir bárust. Framlögð tillaga er unnin með t.t. þeirra ábendinga sem bárust. Samþykkt að kynna tillöguna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.
- 28.2 1806454 - Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegjar:Tillaga að deiliskipulagi 2018
Ráðið samþykkir drög að deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Sandgerðisvegjar og leggur til við bæjarstjórn auglýsa tillöguna.
- 28.3 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun
Umhverfissviði og formanni ráðsins falið að undirbúa málið í samræmi við umræður á fundinum.
- 28.4 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf
Bryndísi falið að uppfæra erindisbréfið í samræmi við umræður á fundinum.
- 28.5 1808017 - Fráveita: Samþykkt um fráveitu
Ráðið leggur til að fyrirkomulag fráveitumála verði óbreytt í sveitarfélaginu. Ráðið leggur til að bæjarstjórn samræmi fráveitugjald (holræsagjald) og stofngjald fráveitu í sveitarfélaginu.
- 28.6 1808018 - Vatnsveita: Gjaldskrá vatnsveitu
Ráðið leggur til að bæjarstjórn breyti samþykkt um vatnsveitu og stefnt verði að því að gjöld milli byggða í sveitarfélaginu verði eins sambærileg og unnt er.

- 28.7 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs
Ráðið leggur til að bæjarstjórn samræmi gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu og lóðarleigu.
- 28.8 1807039 - Sunnubraut 3: Umsókn um byggingarleyfi: Bráðabirgðastækkun leikskólans Gefnarborgar
Tvær athugasemdir bárust í kjölfar grenndarkynningar. Samþykkt að fresta áformum um bílastæði fyrir starfsfólk við suðausturenda lóðar með t.t. athugasemda sem bárust en samþykkja fyrirhuguð byggingaráform að öðru leiti.
- 28.9 1808041 - Fálkavöllur 8: Umsókn um byggingarleyfi:Stækkun eldsneytisbirgðastöðvar
Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.
- 28.10 1807040 - Sjónarhóll 8: umsókn um byggingarleyfi
Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.
- 28.11 1806474 - Bjarg: Húsnæði: stofnframlag
Ráðið leggur til að Bjarg íbúðafélag sækji um lóðina Fjöruklöpp 26-34 Garði undir byggingu 5 íbúða raðhúss sem félagið hyggst reisa.
- 28.12 1807078 - Lækjamót 81-83: umsókn um lóð
Samþykkt.
- 28.13 1807077 - Lækjamót 73-75: umsókn um lóð
Samþykkt að úthluta lóðinni til Pixum fasteignafélags.
- 28.14 1807106 - Þrastarland 1-16: umsókn um lóðir
Samþykkt
- 28.15 1807109 - Brimklöpp 10: umsókn um lóð
Samþykkt.
- 28.16 1808001 - Brimklöpp 11: umsókn um lóð
Samþykkt
- 28.17 1808026 - Fjöruklöpp 17-19: umsókn um lóð
Samþykkt
- 28.18 1808004 - Þinghóll 2: umsókn um lóð
Samþykkt
- 28.19 1808045 - Bjarmaland 15: bílastæði: breyting á staðsetningu
Samþykkt að leyfa 2 viðbótarstæði á lóð.
- 28.20 1807105 - Stækkun Keflavíkurfluvallar: kynning á drögum að matsáætlun
Ráðið gerir ekki athugasemdir við drög að tillögu um matsáætlun.
- 28.21 1808043 - Framkvæmdaráætlun verklegra framkvæmda 2018
Máli frestað til næsta fundar.

29. Fræðsluráð - 1 - 1808018F

Fundur dags. 29.08.2018.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tók sérstaklega fyrir eftirfarandi mál:

Fyrsta mál fundargerðar, Fræðsluráð: starfsáætlun 2018-2022 ? 1808081.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir tillögu fræðsluráðs um verklag, kostnaðaráætlun og fl. varðandi skólastefnu og vísar málinu til vinnslu í fjárhagsáætlun 2019.

Fimmta mál fundargerðar, Sandgerðisbær: skóladagatöl 2018-2019 - 1806404

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu fræðsluráðs um skóladagatal leikskólans Sólborgar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.

29.1 1808081 - Fræðsluráð: starfsáætlun 2018-2022

Afgreiðsla:

Málið er í vinnslu. Ráðið telur það sitt fyrsta verk að hefja vinnu við gerð skólastefnu fyrir sameinað sveitarfélag og óskar eftir fjárheimild bæjarstjórnar til að hefja það verk.

Reglulegur fundartími fræðsluráðs var samþykktur þriðjudagur í þriðju viku hvers mánaðar kl. 16:15.

29.2 1807110 - Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta

Afgreiðsla:

Málið er í vinnslu.

Fræðsluráð fagnar áformum um fjölskyldusvið og þjónustu á því sviði.

29.3 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Fræðsluráð hvetur til þess að kostnaður vegna skólamáltíða verði samræmdur hið fyrsta.

Fræðsluráð telur að umönnunarbætur ættu að vera jafnar fyrir alla jafnt, óháð því hvort um dagvistun er að ræða eða ekki.

29.4 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Vísað til næsta fundar fræðsluráðs.

29.5 1806404 - Sandgerðisbær: skóladagatöl 2018-2019

Afgreiðsla:

Fræðsluráð gerir ekki athugasemd við tvo starfsdaga í leikskólanum Sólborgu milli jóla og nýárs eins og fyrir liggur í skóladagatali.

30. Ferða-, safna- og menningarráð - 2 - 1808011F

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

30.1 1806422 - Sandgerðisdagar 2018

Afgreiðsla:
Mál til kynningar.

30.2 1807079 - Ferða- safna- og menningarráð: starfsáætlun 2018-2022

Afgreiðsla:
Málið er í vinnslu.

31. Íþrótt- og tómstundaráð - 1 - 1808016F

Fundur dags. 28.08.2018.

Til máls tók: EJP:

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tók sérstaklega fyrir eftirfarandi mál:

Fimmta mál fundargerðar, Fjölskyldusvið: skipulag frístundaeildar: tillögur - 1808064

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til umræðu í bæjarráði

Áttunda mál fundargerðar, Frístundavefsíða: tillaga að kaupum - 1808075

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til umræðu í bæjarráði.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.

31.1 1808059 - Íþrótt og tómstundaráð: fundargátt: boðun funda.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar. Jón Ragnar Ástþórsson kosinn varaformaður ráðsins og Erla Jóhannsdóttir var kosinn ritari.

31.2 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf

Afgreiðsla: Ráðið telur að vinna þurfi betur í erindisbréfinu og gera lagfæringar. Starfsmanni falið að gera nýja tillögu að erindisbréfi fyrir næsta fund ráðsins.

31.3 1806756 - Málefnaþingur meirihluta D og J lista

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

31.4 1807088 - Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags: skipurit

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

31.5 1808064 - Fjölskyldusvið: skipulag frístundaeildar: tillögur

Afgreiðsla: Íþrótt- og tómstundaráð styður þær tillögur sem frístunda og forvarnarfulltrúi leggur til. Tilagan felur í sér breytingar á stöfum í frítímaþjónustu og snýst um að hafa fagmenntaðann forstöðumann í forystu fyrir félagsmiðstöðvar, félagsstarfi eldri borgara og frístundaskóla fyrir 6-9 ára börn í báðum byggðarkjörnum. Annað þessara stöðugilda er hugsað í stað stöðugildis frístunda- menningar og lýðheilsufulltrúa Garðs sem lauk stöfum í lok júní mánaðar. Mikilvægt er að fækka ekki stöðugildum á þessu sviði því verkefni eru ennþá til staðar, heldur setja okkur háleit markmið um að gera frístunda- og forvarnastarfið enn betra og faglegra.

31.6 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs

Afgreiðsla: ÍT leggur til að skoðaður verði sá möguleiki að hægt verði að borga dýrara gjaldið í þrek íþróttamiðstöðvanna og geti þá fengið aðgang að báðum stöðvum, en gjaldskráin haldi sér að öðru leyti. Einnig þarf að samræma gjad vegna útleigu íþróttasala fyrir afmæli. Starfsmanni falið að vinna málið áfram.

31.7 1807026 - Hjólakraftur- forvarnaverkefni.

Afgreiðsla: ÍT styður tillöguna og mikilvægi þess að frístundaframboð sé aðgengilegt og síðan fari í loftið sem fyrst.

31.8 1808075 - Frístundavefsíða: tillaga að kaupum.

Afgreiðsla: ÍT styður hugmyndina og leggur til við bæjarráð að samþykkja tillöguna.

32. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum: fundargerðir 2018 - 1806028

- a) 733. fundur stjórnar dags. 08.08.2018.
- b) 734. fundur stjórnar dags. 22.08.2018.

Til máls tók: EJP:

Afgreiðsla:
Fundargerðir lagðar fram.

33. Öldungaráð: fundargerðir 2018 - 18061410

Fundur dags. 13.08.2018.

Til máls tók: EJP:

Afgreiðsla:
Fundargerð lögð fram.

34. Fasteignafélag Sandgerðis: fundarboð: aðalfundur 2018 - 1808071

Fundargerð aðalfundar dags. 30.08.2018.

Til máls tók: EJP:

Afgreiðsla:
Lagt fram.

Fundi slitið kl. 21:45.

Einar Jón Pálsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Haraldur Helgason

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Pálmi Steinar Guðmundsson

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Vítor Hugo Rodrigues Eugenio

Guðjón Þ. Kristjánsson